

# RAFIDNAÐARSAMBAND ÍSLANDS.

## 47. FUNDUR MIÐSTJÓRNAR HALDINN FÖSTUDAGINN 6. FEBRÚAR 2015

### FUNDARGERÐ.

#### Mæting:

Sigurður Sigurðsson, Ómar Baldursson, Eiríkur Sigurðsson, Þórunn S. Jónsdóttir, Finnur Víkingsson, Jón Óskar Gunnlaugsson, Davíð E. Sigmundsson, Eyjólfur Ólafsson, Jakob Tryggvason, Einar Kristinsson, Hafliði Sívertsen, Kristján Þ. Snæbjarnarson. Jens H. Ragnarsson.

Forföll: Júlía Björk Þórðardóttir, Helgi Jónsson, Guðrún S. Bergþórsdóttir, Andri Jóhannesson, Sigurjón Ingvarsson, Grétar B. Guðmundsson, Bára Halldórsdóttir, Eva K. Benjamínsdóttir, Jón Ingi Skúlason Öfjörð

#### Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Kjaraviðræður.
3. Orlofshús.
4. Auglýsingarherferð vegna kjarasamninga.
5. Þing RSÍ 2015.
6. Tæknibúnaður í fundarsal.
7. Samningur um flug innanlands.
8. Boð á Global power trade unions.
9. Styrkbeiðni Re-Make Electric.
10. Önnur mál.

#### 1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda.

#### 2. Kjaraviðræður.

Kröfur vegna komandi kjarasamninga eru í mótun hjá flestum félögum og samböndum og ekki liggur fyrir hvernig farið verður fram að þessu sinni. Nokkrir hafa lagt fram sínar kröfur, þar á meðal Starfsgreinasambandið sem hefur lagt fram kröfu um lámarkslaun þeirra manna skulu verða 300 þúsund krónur á næstu 3 árum. Einnig að leiðrétta þurfi bil á milli launataxta þar sem bil milli taxta hefur riðlast vegna ítrekaðra krónutöluhækkana. Okkar kröfur eru ekki fullmótaðar en unnið er út frá niðurstöðum launakönnunar RSÍ sem gerð var í aðdraganda samningana. Hugmyndir eru um hækkun á lámarkstaxta og prósentuhækkun á alla taxta. Viðræður innan iðnaðarmanna félaga/sambanda hafa farið af stað um hugsanlegt samflot í komandi kjarasamningsviðræðum,

hugsanlegur ávinningur af því í formi aðgerða. Ákveðið var að halda áfram að skoða hugsanlegt samstarf og gerður yrði samstarfssamningur, formanni var falið að meta samstarf og fékk heimild til að skrifa undir slíkan samning ef sjónarmið eru eins.

### **3. Orlofshús.**

Á síðasta miðstjórnarfundum var orlofsnefnd falið að skoða hvernig hægt væri að auka framboð á orlofshúsnæði þar sem í boði væri að hafa gæludýr. Í skoðun er raðhús á Flúðum sem er í byggingu en yrði tilbúið í vor. Skrifstofu í samráði við formann Orlofsnefndar var falið að halda áfram með þessa vinnu.

### **4. Auglýsingaherferð vegna kjarasamninga.**

Tillaga er um að fara í auglýsingaherferð vegna komandi þings RSÍ. Samráð var haft við auglýsingastofu og upp úr þeirri vinnu kom sú hugmynd að gera auglýsingamyndbönd sem hægt væri líka að nota í aðdraganda kjarasamninga, um væri að ræða c.a 50 sek myndskaið sem hægt væri að klippa niður eftir þörfum og sína í sér eða í heild. Ákveðið var að fara í auglýsingaherferð og er áætlaður kostnaður 5. milljónir kr. Ákveðið að nota kynningarvef sambandsins [www.straumlina.is](http://www.straumlina.is) í herferðinni.

### **5. Þing RSÍ 2015.**

Undirbúningur þings í vor er í gangi, verið er að skoða kerfi til að halda utan um dagskrá og skjöl þingsins. Verið er að skoða kerfi hjá AP Media. Farið var yfir fjölda þingfulltrúa og bréf send á fulltrúa félaganna eftir fund þar sem þing verður boðað.

### **6. Tæknibúnaður í fundarsal.**

Lögð var fram tillaga í lok síðasta árs um kaup á hljóð og mynd tæknibúnaði fyrir fundarherbergi miðstjórnar, ákveðið var að fara í þarfagreiningu og taka málið aftur upp eftir það. Í þeirri vinnu kom í ljós að búnaður gæti haft í för með sér hagræðingu vegna fjarfundarbúnaðar og að önnur félög í húsinu hafa sýnt áhuga að að taka þátt í kostnaði og nýta búnaðinn. Einnig hefur verið farið í hvaða búnaður er nauðsynlegur og hefur kostnaður verið lækkaður umtalsvert bæði vegna lækkunar á búnaði og breytinga. Ákveðið var að fara í kaup og uppsetning á búnaðinum og er áætlaður kostnaður um 2 – 2.5 milljón kr. Matvís og Félag bókagerðarmanna kæmu að þeim kostnaði með RSÍ.

### **7. Samningur um flug innanlands.**

Fengið var tilboð í flug innanlands sem félagsmenn gætu nýtt sér til lækkunar fargjalda. Tilboð sem fengið var frá Flugfélaginu Ernir var metið óhagstætt og þá

aðallega vegna fjölda miða sem þyrfti að kaupa á hvern áfangastað. Tilboði var hafnað en málið er enn í skoðun.

**8. Boð á Global power trade unions.**

Boð barst á GPTU sem er dagana 18 – 19. maí 2015 í Sydney í Ástralíu. Sambandið hefur sent fulltrúa á þennan fund og ákveðið var að senda tvo menn.

**9. Styrkbeiðni Re-Make Electric.**

Beiðni kom um styrk vegna gerð tölvuleiks sem fjallar um almenna rafvirkjavinnu, áætlaður kostnaður er 4 – 4.5 milljónir kr. Miðstjórn sá tækifæri í leiknum og þá í samandi við kynningarvef sambandsins [www.straumlina.is](http://www.straumlina.is). Ákveðið var að senda forsvarsmenn straumlinu til fundar við Re-Make.

**10. Önnur mál.**

Komið var með tillögu um að fundið yrði upp gott slagorð sem væri einkennandi fyrir komandi kjaraviðræður og yrði notað í kynningarherferðinni.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl 15.30

Fundargerð: Jens H. Ragnarsson ritari.